

Helstu atriði sem FHG vilja koma á framfæri við stjórnvöld

1. Afnáam gistináttaskatts

FHG leggja til að gistináttaskattur verði felldur brott. Áætlaðar tekjur ríkisins af gistináttaskatti á árinu 2020 nema um 1,2 milljörðum króna eða sem nemur 0,0015% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. FHG telja brottfall gistináttaskatts sé fallið til að vinna á móti samdrætti í komu ferðamanna þessi misserin og skili þannig tekjum á móti gegnum aðra skatta og gjöld ríkisins. Með samstilltu átaki á að vera hægt að auka tekjur af ferðamönnum um 20 milljarða króna á komandi árum.

2. Farþegagjöld skemmtiferðaskipa samræmd

FHG leggja til að farþegagjöld skemmtiferðaskipa verði samræmd þannig að gjaldtakan nemi ígildi virðisaukaskatts sem hótél á landi greiða. Þannig verði samkeppnisstaða hótela í landi gagnvart gistingu í skemmtiferðaskipum samræmd.

3. Heimagistingu settar skýrari skorður

Stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar gagnvart skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis (heimagistingu) verði fylgt frekar eftir. Skráning heimagistingar verði afmörkuð við eina fasteign og hámarks leigutímabil á ári miðist við hefðbundið orlofstímabil, einn mánuð. Þannig verði stutt við deilihagkerfið, sem heimagisting byggir á, en tryggt að þeir sem hyggjast gera út á slíka gistingu í meira mæli lúti sömu kröfum og gistinguþjónusta almennt býr við.

4. Aðrar leiðir

Innviðaskattar og sambærileg gjaldtaka af ferðamönnum eru leiðir sem hafa verið ræddar. FHG telja varhugavert að leggja á nýja skatta sem sérstaklega beinast að ferðamönnum. Fylgjast þarf vel með þróun slíkrar gjaldtöku erlendis og áhrifum á ferðamannastraum.

5. Tekjur hins opinbera af ferðamönnum

Áætlaðar nettótekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga af ferðamönnum árið 2020 nema 60 milljörðum króna. Ef samstillt átak stjórnvalda og fyrirtækja í ferðaþjónustu með aukinni fjárfestingu í greininni skilar 3% vexti ferðamanna til ársins 2030, má áætla að nettó tekjur muni nema 80 milljörðum króna. Þar af kemur um fjórðungur í hlut sveitarfélaga.